

Íslenska 9.bekkur 2025-2026

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

9

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Námsefni vetrarins samanstendur af einni textabók, Neistum, með fjölbreyttum verkefnum. Verkefnin eru samin með hliðsjón af markmiðum Aðalnámskrár frá 2011-2013. Í námsbókinni eru ótal mismunandi verkefni sem reyna á ólíka þætti íslenskunnar, allt frá lestri, ritun og framsögn að málfræði og setningafræði. Þá gefst nemendum einnig kostur á að tjá skoðanir sínar í rökstuddu máli og þjálfast um leið í að taka gagnrýni á eigin skoðanir.

"Markmiðið með íslenskukennslu er fyrst og fremst að styrkja nemendur sem málnotendur, lesendur, greinendur og skapara; auka sjálfstraust þeirra í notkun og meðferð íslenskunnar og gera þeim ljóst hversu mikilvæg hún er fyrir þá persónulega og samfélagið í heild sinni. " (Kennsluleiðbeiningar).

Jafnframt þessari heildstæðu kennslubók eru lesnar almennar bókmenntir - nútíma- og fornsögur - og þeim gerð skil á skapandi hátt. Áhersla er lögð á nútímabókmenntir sem eru nálægt nemendum í tíma. Ætlunin er að nemendur geti betur speglað sig í þeim bókmenntum og með því er reynt að kveikja og viðhalda áhuga á bókmenntum og lestri almennt.

Námsaðlögun

Ef nemendur þurfa sérstaka námsaðlögun er hún veitt. Ýmist er það í formi aðlagaðs námsefnis, aðgengi að hljóðbókasafni og ýmsum forritum og öppum sem styðja við skil nemenda.

Námsmat

Námsmat í íslenskunni felst í símati og virkri endurgjöf. Þannig er litið svo á að öll vinna vetrarins verði til grundvallar einkunn - en nemendur fá tækifæri til að velja þau verkefni sem þeim finnast að sértaklega eigi erindi til námsmats, í samráði við kennara.

"Til að námsmatið virki hvetjandi þarf endurgjöfin að vera einföld, jákvæð og gagnleg: Hvað er vel gert? Hvað þarf að bæta – og hvernig er hægt að gera það?" (Kennsluleiðbeiningar).

Íslenska fyrir 9. bekk Varmahlíðarskóli

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Íslenska fyrir 9. bekk Varmahlíðarskóli - Talað mál, hlustun og áhorf

- Halda við því sem unnist hefur með Upplestrarkeppninni.
- Skilar verkefnum af sér á fjölbreyttan og skapandi hátt t.d. með ljóðum, teikningum, myndböndum, myndum o.fl.
- Getur lesið/flutt fjölbreytta texta fyrir framan áheyrendur, s.s. ljóð, upplestur úr bók, rökfærsluræðu o.fl.
- Getur rætt um undirbúið efni innan hóps, s.s. smásögur og skáldsögur og tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær.
- Les áheyrilega fyrir áheyrenda þannig að rödd berst vel og flutningur er vel skiljanlegur.
- Á góð samskipti og sýnir tillitssemi og virðingu.

Íslenska fyrir 9. bekk Varmahlíðarskóli - Lestur og bókmenntir

- Velur lestrarefni í kennslustundum, t.d. skáldsögur, fræðibækur, tímarit, teiknimyndasögur o.fl.
- Glímir við að túlka efni ljóða.
- Les fjölbreyttar smásögur, í Smásagnasmáræði, eftir samtímahöfunda og setur í samhengi við eigin reynsluheim.
- Les 180 orð (300 atkv) á mínútu af skilningi
- Getur gert greinarmun á óbundnu og bundnu ljóði og þekki helstu einkenni bundins máls, s.s. hrynjandi, ljóðstafi og rím.
- Setur saman sínar eigin vísur.
- Kann að nýta fjölbreyttar gagnaveitur og heimildir sér til gagns.
- Þekkir myndmál, persónugervingu, viðlíkingu, myndhverfingu, vísanir og endurtekningar
- Hefur innsýn í heim Íslendingasagna með lestri á Gíslasögu Súrssonar og öðlast þar með þekkingu á bókmenntagreininni og menningu liðins tíma.
- Eykur lestrarhraða, t.d. í gegnum lestrarátak og/eða heimalestur

Íslenska fyrir 9. bekk Varmahlíðarskóli - Ritun

- Getur skrifað frjálsan texta með tilfinningu fyrir uppsetningu, stafsetningu og uppbyggingu.
- Getur skilað skriflegum hugleiðingum frá eigin brjósti
- Hefur öðlast öryggi í uppsetningu ritgerða.
- Beitir nokkuð réttri stafsetningu.
- Getur skrifað heimildaritgerð, með réttri heimildarskrá og þekkir meðferð heimilda

Íslenska fyrir 9. bekk Varmahlíðarskóli - Málfræði

- Þekkir helstu einkenni sagnorða s.s. tíðir, fallhætti, persónuhætti, myndir, stofn, persónur og kennimyndir.
- Getur nýtt orðaforða sinn og tilfinningu fyrir því að íslenska sé lifandi mál í gegnum nýyrðasmíði og Fimbulfamb
- Þekkir óbeygjanleg orð, atviksorð, forsetningar, samtengingar, upphrópanir og nafnháttamerki og helstu einkenni þeirra.
- Getur flokkað orð í alla orðflokka og beitt við það markvissum vinnubrögðum út frá einkennum hvers orðflokks.

NÁMSEFNI/GÖGN



Smásagnasmáræði

Smásögur



Smátímasögur

Slóð á hljóðbók

(<https://mms.is/namsefni/smatimasogur-sogur-fyrir-thig-hljodbok>)



Úr myrkrinu

Skáldsaga



Neistar

Neistar 1. kafli



Heimir - handbók um heimildaritun

Heimildaskráning

(<http://www.mms.is>)